



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Kópavogsbær  
Smári Smárason,  
arkitekt  
Fannborg 2  
200 Kópavogur

Reykjavík, 12. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071000064/ksj

**Breytt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og umhverfisskýrsla  
Breytt aðalskipulag Kópavogs og umhverfisskýrsla  
Deiliskipulag í Vatnsendahlíð í Kópavogi og umhverfisskýrsla**

Vísað er til erindis Smára Smárasonar skipulagsstjóra Kópavogs sem barst Umhverfisstofnun þann 9. október síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um

- tillögu að breyttu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2004 -2024 ásamt umhverfisskýrslu,
- tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogs 2000 - 2012 ásamt umhverfisskýrslu
- tillögu að nýju deiliskipulagi við Vatnsendahlíð og umhverfisskýrslu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreindar tillögur og umhverfisskýrslur.

Tillaga að breyttu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis.

Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2004 – 2024 felur í sér að á svæði sem í núgildandi Svæðisskipulagi er merkt að hluta sem vatnsverndarsvæði nánar til tekið grannsvæði vatnsbóla og að hluta óbyggt svæði er breytt í svæði fyrir íbúðabyggð og athafnasvæði. Í greinargerð sem fylgir uppdrætti af tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Kópavogs segir að svæðið rúmi 1500 – 1800 manna byggð, með 707 íbúðum og atvinnuhúsnæði uppá 15000 fermetra verði á 3,5 hektara svæði. Hér er ósamræmi milli greinargerðar á uppdrætti annars vegar og umhverfisskýrslu hins vegar. Í umhverfisskýrslu kemur fram að að gert sé ráð fyrir 1900 manna byggð og 3ja hektara athafnasvæði. Fram kemur að núverandi breyting er gerð með fyrirvara um breytingu á legu vatnsverndarmarka, breytingartillagan nær að nýjum vatnsverndarmörkum sem fyrirhuguð eru.

Í umhverfisskýrslu segir að umhverfi svæðisins hafi nú þegar verið raskað í þeim mæli að byggð breyti þar engu um. Einnig kemur fram að mengun gæti haft neikvæð áhrif á

brunnsvæði í Dýjakrókum við Vífilstaðavatn, en vegna þess að brunnsvæðið verði aflagt muni það ekki hafa áhrif, en ekki kemur fram hvenær það muni aflagt. Í greinargerð sem fylgir uppdrætti að breyttu svæðisskipulagi kemur fram að aukning á mengun í Elliðavatni vegna mögulega aukinnar mengunar í ofanvatni verði óveruleg. Þetta er í mótsögn við það sem segir í umhverfisskýrslu sem fylgir sömu tillögu, þar er gert ráð fyrir neikvæðum áhrifum vegna aukinnar mengunar í Elliðavatni af völdum ofanvatns.

Neikvæð umhverfisáhrif verða vegna aukins umferðarhávaða í Þingahverfi.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í töflu 2 sem sýnir umhverfisáhrif eru áhrif á vistkerfi talin 0 bæði við 0-kost og einnig ef af framkvæmdum verður, þrátt fyrir áhrif á Elliðavatn í seinna tilfellinu.

Í kaflanum um mótvægisáðgerðir eru settjarnir taldar hugsanlegar mótvægisáðgerðir við mengun ofanvatns og grunnvatns. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi strax ráð fyrir settjörnum, til að koma í veg fyrir að ómeðhöndlað ofanvatn fari í Elliðavatn.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun ítrekar að vatnsvernd hefur ekki verið aflétt af svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir muni hafa áhrif á vistkerfi og telur rétt að gera strax ráð fyrir settjörnum svo mengað ofanvatn fari ekki beint í Elliðavatn.

### Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs, landnotkun og aðalगतnakerfi 2000-2012 ásamt umhverfisskýrslu

Í greinargerð með uppdrætti af tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogs kemur fram að breytingin hafi það í för með sér að 92,5 hektara svæði sem í dag er skilgreint sem óbyggt svæði verður eftir breytingu skilgreint sem íbúðasvæði, athafnasvæði og að hluta sem svæði fyrir þjónustusvæði og opin svæði. Í umhverfisskýrslu kemur aftur á móti fram að Vatnsendahlíð sé skilgreind í dag sem opið svæði til sérstakra nota. Alls er reiknað með að 49 hektarar nýtist sem íbúðasvæði alls 707 íbúðir í sérbýli og fjölbýli. Tekið er fram að gerður er fyrirvari um breytingu á vatnsvernd á svæðinu í kjölfar þess að nálægt vatnsból verði aflagt.(Dýjakrókar)

Í umfjöllun um kosti er gerður samanburður á 0-kosti og svo þeim kosti að taka opið svæði undir íbúðabyggð og athafnasvæði. Grunnvatn mun verða fyrir áhrifum að einhverju leyti, vistkerfi er talið verða jafngott og áður. Hljóðvist mun versna að einhverju leyti vegna aukinnar umferðar. Í kaflanum um umhverfisáhrif kemur fram að gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna neikvæðra áhrifa framkvæmdanna á hljóðvist og ofanvatn. Þ.e. gert er ráð fyrir hljóðveggjum og settjörnum. Nú eru Vatnsendahlíðar töluvert raskaðar af völdum slóðagerðar, og ræktunar framandi tegunda. Samt sem áður er þarna fallegt holt og einhver svæði eru þar lítt eða ekkert röskuð. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ráð fyrir að einhver neikvæð umhverfisáhrif muni verða við breytta landnotkun, og mælir með að á svæði sem tekin verða frá sem græn svæði verði lögð áhersla á að huga að þeim víðitegundum og holtagróðri sem eru sérkenni svæðisins.

### Niðurstaða

Fram kemur að gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna neikvæðra áhrifa á hljóðvist og mengunar ofanvatns. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir staðsetningu settjarna og umfangi vöktunar á Elliðavatni.

## Deiliskipulag fyrir Vatnsendahlið, Kópavogi og umhverfisskýrsla

Nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahlið nær yfir 92,5 hektara . Í greinargerð með uppdrátti af deiliskipulagstillögunni kemur fram að í staðfestu aðalskipulagi er svæðið merkt opið svæði og svæði fyrir skógrækt, og að allvíða er föngulegur trjágróður á fyrirhuguðu byggingarlandi. Í umhverfisskýrslu með deiliskipulaginu er svæðinu lýst á sama hátt og ofangreindum umhverfisskýrslum, þ.e. að það sé *“grjótorpið móasvæði að stórum hluta þakið lúpinu.”*


Þarna kemur fram ósamræmi í lýsingu svæðisins milli greinargerðar með tillögunni og umhverfisskýrslu.


Í kafla um áhrif byggðar á umhverfið kemur fram að umhverfisvöktun verði grundvölluð á rannsóknnum á svæðinu næst Elliðavatni og vatninu sjálfu. Ekkert kemur fram hvernig þessi vöktun muni verða framkvæmd. Eins eru hljóðmanir merktar inná deiliskipulagsuppdrátt, en settjarnir sem taka eiga við menguðu ofanvatni eru ekki sýndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessar mótvægisáðgerðir, settjarnir og umhverfisvöktun séu betur skýrðar á deiliskipulagsuppdrátti og í greinargerð sem honum fylgir.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hversu lengi hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Skipulagsstofnun